

Mál nr. 344/2021

M og
V v/ lausafjártryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna stuldar á bílkerru (eftirvagni).**Gögn.**

Málskot, móttækið 12.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt tilkynningu M til lögreglu, dags. 20. desember 2020, var bílkerru í eigu M stolið þar sem skilið hafði verið við hana á bifreiðastæði við nánar tilgreinda götu í Reykjavík læsta með keðju við ljósastaur. M hefur krafist bóta vegna þjófnaðarins úr lausafjártryggingu sinni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í skilmálum V fyrir lausafjártryggingu segir svo um það lausafé í eigu vátryggðs sem vátryggingin tekur til: „Komi ekki annað fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun er með lausafé átt við vörur, þar á meðal hráefni, hálfunnar vörur og fullunnar, umbúðir, húsmuni, innréttingar, vélar og annan rekstrarbúnað, þar á meðal verkfæri, áhöld og ökutæki sem ekki eru skráningarskyld samkvæmt umferðarlögum.“ Í skilmálunum kemur enn fremur fram að vátryggingin taki til fjögurra nánar tilgreindra tjónsorsaka, þ.e. bruna, vatnstjóns, innbrots og ráns, svo og óveðurs.

Í vátryggingarskírteini vegna þeirrar lausafjártryggingar sem M hafði í gildi hjá V þegar þjófnaðurinn átti sér stað segir að vátryggðir munir séu vélar, verkfæri og efnislager í vinnslu. Í ljósi þess sem segir í skilmálum vátryggingarinnar um það lausafé sem vátryggingin tekur til þá afmarkast það við þá muni sem tilgreindir eru í vátryggingarskírteininu, sem í þessu tilviki eru vélar, verkfæri og efnislager í vinnslu. Samkvæmt þessari upptalningu verður að telja ljóst að kerra sú sem stolið var telst ekki til véla, verkfæra eða efnislagers í vinnslu. Hún er því ekki meðal hinna vátryggðu muna sem lausafjártryggingin tekur til. Þá er og ljóst að kerrunni var ekki stolið við innbrot né heldur að henni hafi verið rænt. Aðrar tjónsorsakir sem vátryggingin bætir geta heldur ekki komið til álita hér. Tjónið fellur því einnig utan gildissviðs vátryggingarinnar. Samkvæmt þessu á M ekki rétt á bótum úr lausafjártryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr lausafjártryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.